

65. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 19.6.2016

Mættir: Þuríður Helga, Ingólfur Hartvigsson, Sólveig Ólafsdóttir, Sólveig Páls og Orri Páll

Fundur settur kl.12:00 í Kirkjubæjarskóla

Dagskrá fundar:

1. Kammertónleikar á Klaustri 2016

Matur:

Núpa Hótel býður hádegisverð á föstudeginum. Þuríði falið að tala við hótél um tímasetningar. Kjarval styrkir með vöruúttekt.

Rannveig tekur ekki að sér sunnudagskaffið að þessu sinni en rætt um möguleika á að kaupa þá þjónustu af kvenfélagi Kirkjubæjarhrepps. Ingólfi falið að ræða við Karítas, formann kvenfélagsins um þann möguleika.

Gisting:

Herbergjaskipan, Hótel Laki lánar nefndinni sængurver fyrir 10 manns ásamt lökum. Hluti af hópnum kemur sjálfur með sængurver eða svefnpoka meðferðis. Rætt um þrif á herbergjum.

Annað:

Þjóðgarðurinn ætla að sjá um kaffisöluna á tónleikunum.

Sólveigu falið að tala við Matthildi um boðsmíða fyrir heimilismenn Klausturhóla einnig þann möguleika að fá Guðrúnu og Javier til að koma á föstudeginum og halda stutta tónleika fyrir heimilisfólkið.

Skógræktarfélagið Mörk gefur börnum í tónlistarsmiðjunni birki plöntur.

Orri tekur að sér að sjá um að raða stólum og gera salinn í félagsheimilinu tilbúin fyrir tónleikana.

Ekki meira rædd að sinni.

Fundi slitið kl.14:00